



Glefsa

Brot úr hagvísunum og skýrslum SSV og annað tengt efni – 7. tbl. 2025

Norðurál: Skerðing á framleiðslugetu um 2/3

Vífill Karlsson

Inngangur

Þann 21. október s.l. biluðu tæki hjá Norðuráli á Grundartanga (Þorsteinn Ásgrímsson og Ómar Friðriksson, 23. október 2025) og talið að muni skerða framleiðslugeta versins um 2/3 (Andrés Magnússon og fleiri, 23. október 2025). Þetta veldur víða áhyggjum á landinu. Alls er óvíst hvort uppsagnir hjá Norðuráli verði verulegar eða óverulegar en hér er samt spurt hver áhrifin yrðu á tekjur þriggja sveitarfélaga á Vesturlandi ef 2/3 starfsmanna yrði sagt upp á meðan viðgerð stendur yfir. Þetta eru sveitarfélögin Hvalfjarðarsveit, Akraneskaupstaður og Borgarbyggð, sem liggja næst Grundartanga.

Fyrst var reynt að meta hversu mikil margfeldisáhrif (m.ö.o. afleidd störf) starfa eins við Norðurál eru í þessum samfélögum og áhersla lögð á tekjumargfeldisáhrif. Það var gert með tvennum hætti: Fyrst tímabilið 2008-2024 og síðan 2015-2024. Á fyrra tímabilinu er að finna reynsluna af stórum stækkunum Norðuráls (sjá síðar) en engar slíkar á seinna tímabilinu. Fyrri margfeldisáhrifin eiga því frekar við ef áhrifanna gæti yfir langan tíma eða breytingar miklar á starfseminni en seinna tímabilið fyrir samdrátt í framleiðslu eða rekstrarstöðvun til skemmri tíma. Síðan var einnig lagt mat á hversu margir einstaklingar gætu misst sitt núverandi starf vegna bilunarinnar hjá Norðuráli meðan viðgerð stendur yfir.

Tafla 1. Tekju- og atvinnumargfaldari stóriðjunnar byggt á aðhvarfsgreiningu

Landsvæði	Tekju		Atvinnu
	2008-2024	2015-2024	
Akraneskaupstaður	4,89	2,71	2,53
Hvalfjarðarsveit	2,14	1,55	1,05
Borgarbyggð	4,35	2,45	1,55
Fjöldi athuganna	204	108	108

Niðurstöður höfundar

Í ljós kom að margfeldisáhrifin til lengri tíma eru mikil á starfseminni á Grundartanga og mest í Akraneskaupstað (4,89) en minnst í Hvalfjarðarsveit (2,14) af þessum þremur nærliggjandi sveitarfélögum (Tafla 1). Hér er um tekjumargfeldisáhrif að ræða (Vífill Karlsson, 2007). Þessar tölur lækkuðu töluvert fyrir tímabilið 2015-2024 en þá var tekjumargfaldarinn 2,71 hjá Akraneskaupstað og aftur lægstur 1,55 í Hvalfjarðarsveit. Atvinnumargfaldararnir voru enn lægri eða 2,53 á Akraneskaupstað og lægstur hjá Hvalfjarðarsveit upp á 1,05.

Þar sem talið er að það taki aldrei meira en 1,5 ár að koma starfseminni aftur í samt horf var ákveðið horfa frekar til minni stuðlanna í útreikningunum (tímabilsins 2015-

2024). En svo gæti umfang uppsagna orðið það mikið að það verði að horfa til stærri stuðlanna.


Niðurstöður

Niðurstöðurnar kveða á um að útsvarstekjur á Vesturlandi gætu orðið 852 m.kr. lægri næstu tólf mánuði vegna bilana hjá Norðuráli. Það skiptist þannig að þetta yrðu um 762 m.kr. hjá Akraneskaupstað, 60 m.kr. í Borgarbyggð og 29 m.kr. í Hvalfjarðarsveit (Mynd 1). Hins vegar myndi framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hækka á móti hjá Akraneskaupstað vegna þessara tekjulækkunar sem getur numið 70% af þessum 762 m.kr. þannig að tekjuskurðing sveitarfélagsins af þessari bilun hjá Norðuráli yrði þá um 229 m.kr. eða 3,4% lækkun frá árinu 2024 (Tafla 2). Jöfnunarsjóðsframlagið myndi ekki breytast hjá Borgarbyggð eða Hvalfjarðarsveit og því hlutfallsleg lækkun hjá Borgarbyggð 1,9% og 4,8% hjá Hvalfjarðarsveit.

Tafla 2. Samanteknar niðurstöður fyrir áhrif af 12 mánaða skerðingu framleiðslu Norðuráls um 2/3

Landsvæði	Áhrif til lækkunar á útsvari í m.kr.	Lækkun útsvari %	Lækkun á heildartekjum sveitarfélaganna %
Akraneskaupstaður	229	3,4	2,2
Hvalfjarðarsveit	29	4,8	2,0
Borgarbyggð	60	1,9	1,0
Vesturland	318		

Tekið skal fram að þessi hækkan Jöfnunarsjóðs kæmi ekki til Akraneskaupstaðar fyrr en að ári liðnu. Efnisleg svör er varðar þátt Jöfnunarsjóðs við þessar aðstæður veitti Árni Sverrir Hafsteinsson til höfundar (28. október 2025)






Atvinnumargfaldari var líka metinn og hann var 2,5 fyrir Akraneskaupstað. Forsendur líkansins gáfu til kynna að 254 starfsmenn af Skaganum misstu vinnuna. Með afleiddum störfum myndu því 635 missa störf ef forsendur greiningarinnar standast og raungerast. Í Hvalfjarðarsveit yrðu þetta 28 og 34 í Borgarbyggð. Ekki var tekið fullu tillit til þess hversu margir myndu geta fundið sér aðra vinnu í kjölfarið en atvinnuleysi á viðkomandi vinnumarkaðs-svæði gefur vísbendingar um það.

Af uppbyggingarsögu Norðuráls

Norðurál hóf starfsemi árið 1998 og hafði þá framleiðslugetu upp á 60.000 tonn af áli á ári. Álverið hefur síðan fjárfest til að auka framleiðslu. Fyrsta stækkunin fór fram sumarið 2001 og jókst framleiðslan þá í 90.000 tonn. Árið 2006 var framleiðslugeta aukin í 220.000 tonn, og ári síðar í 260.000 tonn. Þegar komið var fram á árið 2013 hafði árleg framleiðsla náð 290.000 tonnum. Árið 2017 framleiddi Norðurál 317.000 tonn af áli, og þá störfuðu þar um 600 manns en samkvæmt nýjum upplýsingum frá Norðurál störfuðu 675 manns hjá fyrirtækinu árið 2024 (Mynd 2). Starfsmennirnir bjuggu flestir 57% í Akraneskaupstað, 5% í Borgarbyggð og 4% í Hvalfjarðarsveit. Um 1/3 starfsmanna bjó þá á höfuðborgarsvæðinu.



Ef skyggst er aftur á fjölda starfsmanna frá upphafi starfseminnar þá voru þeir 168 talsins árið 1999 hjá Norðuráli, 215 árið 2001, 376 árið 2006 og um 550 árið 2014. Fjöldi starfsmanna hefur því nærri fjórfaldast frá upphafi. Þessar tölur birtust í Frjálsri Verslun um tíma og voru teknar saman í Hagvísi SSV (Vífill Karlsson, 2022).

Forsendur

Í útreikningunum er gert ráð fyrir að staðgreiðsluskyldar launagreiðslur vegna meðallauna á Grundartanga séu 874 þ.kr. á mánuði og byggir það á tölum Hagstofu Íslands. Einnig að 50 manns misstu vinnuna strax vegna þess að þeir voru ekki fastráðnir og með stutta

starfsreynslu. Gert er annars ráð fyrir að flestir aðrir hafi þriggja mánaða uppsagnarfrest og 85% starfsmanna hafa fullan rétt til atvinnuleysisbóta og aðrir engan. Að 66% muni missa vinnuna á meðan starfsemin liggir niðri og uppsagnir dreifist niður á sveitarfélög á Vesturlandi eftir búsetu þeirra og nefnd var fyrir í skjalinu. Eftir að fullum atvinnuleysisáhrifum er náð munu 254 Skagamenn missa vinnuna hjá Norðuráli meðan unnið er að viðgerð, 18 úr Hvalfjarðarsveit og 34 úr Borgarbyggð. Áætluð tímalína vegna uppsagnarfrests er eftirfarandi: 50 missa vinnuna í október, sömu 50 í nóvember, 50 til viðbótar í desember og að 1. febrúar verði áhrifin að fullu komin fram og þá hafi 446 (66%) misst launin sín frá Norðuráli. Margfeldisáhrifunum er skipt upp í tvennt: 1) Kaup starfsmanna á ýmsu út í samfélaginu 2) Kaup Norðuráls á vörum og þjónustu út í samfélaginu. Margfeldisáhrif vegna þjónustukaupa Norðuráls koma strax fram 66% en starfsmanna í fyrrgreindum þrepum. Margfeldisáhrif vegna starfsmanna tengjast launum þeirra og atvinnuleysisbótum með beinum hætti. Atvinnuleysisbætur eru tekjutengdar fyrstu þrjá mánuðina og eru 575 þ.kr. á mánuði en lækka síðan í 365 á mánuði. Að öðru leyti er unnið með meðaltöl og í hvívetna leitað í bestu gögn á hverjum tíma en þau gætu alveg verið betri um margt. Sem fyrr bitnar gagnskortur á nákvæmni niðurstaðnanna.

Greiningin á bakvið þessa Glefsu og ritun hennar stóð yfir dagana 24. – 29. október 2025 og unnin af höfundi. Hún byggði á gögnum Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, Hagstofu Íslands, Sambands íslenskra sveitarfélaga, KPMG, Norðuráls, Elkems, Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og Akraneskaupstaðar.

Heimildir

Andrés Magnússon, Kjartan Leifur Sigurðsson & Ólafur E. Jóhannsson. (2025, 23. október). Gríðarlegt högg. *Morgunblaðið*.

Árni Sverrir Hafsteinsson, tölvupóstur til höfundar. (28. október 2025).

Vífill Karlsson. (2007). Staðbundin margfeldisáhrif: Yfirlit kenninga og rannsókna. *Bifrost Journal of Social Science*, 1, 56-71.

Vífill Karlsson. (2022). Búferlaflutningar á Vesturlandi. *Hagvísir Vesturlands*, 22(1), 1-61.

Þorsteinn Ásgrímsson & Ómar Friðriksson. (2025, 23. október). Milljarða tekjutap á mánuði. *Morgunblaðið*.